

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Mánudagurinn 13. október 2025 kl. 17:15

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð. Sömuleiðis Víðir Þorvarðarson framkvæmdastjóri félagsins.

Heiðar Ásberg Atlason lögmaður sat fundinn undir 1. lið.

Dagskrá:

1. Stefna Línuborunar á hendur Eygló

Heiðar Atlason lögmaður fór yfir stefnu sem þingfest hefur verið fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Um er að ræða kröfu upp á 67 milljónir króna auk dráttarvaxta vegna þess sem Línuborun telur hafa verið ólögmeta riftun á samningi við Eygló.

Niðurstaða:

Stjórn Eyglóar hafnar með öllu kröfu Línuborunar og felur stjórnarformanni ásamt lögmanni félagsins og framkvæmdastjóra að taka til varna fyrir félagið.

2. Staða mála varðandi yfirfærslu eigna til Mílu

Framkvæmdastjóri fór yfir gang mála er varða yfirfærslu á eignum félagsins til Mílu á grundvelli kaupssamnings sem samþykktur var síðsumars. Unnið er að úttektum og frágangi vegna þessa. Fulltrúar Mílu og Eyglóar funda reglulega og er yfirfærslan á áætlun.

Niðurstaða:

Stjórn þakkar upplýsingarnar.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 17:45.